

Mál nr. 25/2011

Ár 2012, þriðjudaginn 30. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 25/2011

X

gegn

Y og Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 3. október 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu Y&Z hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para saman rakkann XX og tíkina YY þar sem hvorugur hundanna var með gilt augnvottorð auk þess sem þau eru feðgin. Kæran var send kærðu Y&Z til umsagnar með bréfi dags. 4. október 2011 og þeim gefinn andmælafrestur til 1. nóvember. Andmæli dags. 28. október bárust og voru send kæranda X til umsagnar með bréfi dags. 8. nóvember. Kærandi X svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því við siðanefnd að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll efnisatriði er máli skiptu væru fram komin þá ákvað hún að boða aðila málsins til sáttafundar hinn 13. desember, sem gert var með ábyrgðarbréfi dags. 24. nóvember. Annað kærðu Z mætti fyrir hönd beggja á fundinn en þar reifudu báðir málsaðilar sjónarmið sín. Ekki náðust sættir en þar eð siðanefnd taldi að öll sjónarmið er máli skiptu væru fram komin þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt pörunarvottorði dagsettu 13. nóvember 2011 var rakkinn XX paraður við tíkina YY. Eigandi rakkans er Y og eigandi tíkarinnar er Z. Hundarnir eru af hundakyninu poodle, miniature. Við pörunina var hvorugur hundanna með gilt augnvottorð auk þess sem hundarnir eru feðgin. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærðu Y&Z gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærðu Y&Z svöruðu því til að um slysgot hafi verið að ræða. Þau hafi strax og grunur reyndist að pörun hafi átt sér stað, farið með tíkina til dýralæknis og látið sónarskoða hana í þeim tilgangi að framkalla fósturlát ef í ljós kæmi að tíkin hefði orðið hvolpafull. Við sónarskoðunina kom ekkert fóstur í ljós og er framlagt vottorð frá dýralækninum því til staðfestingar. Síðar kom annað á daginn og gaut tíkin einum hvolpi. Kærðu Y&Z fara fram á það að málið verði látið niður falla þar sem þetta var ekki skipulögð pörun og að þau hafi fengið ranga niðurstöðu úr sónarskoðun.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið poodle, miniature:

„ Augnskoðun: Ræktunardýr skulu augnskoðuð fyrir pörun. Eftir 12 mánaða aldur gildir augnvottorð ævilangt. (Gildir frá 01.01.2011) (Augnvottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun.(Gildir frá 01.11.99-01.01.2011). Ræktunardýr verða að hafa undangengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fáið skráðir í ættbók HRFÍ. Óheimilt er að para saman tvo

arfbera PRA. Heimilt er þó að para PRA arfbera svo framarlega sem hinn hundurinn er ekki arfberi PRA (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P). (Gildir frá 01.01.2011).”

Þá segir einnig í grein 2.8 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ:

„Að para ekki alsystkini og forðast að para föður með dóttur og móður með syni”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað í september 2010 var hvorki rakkinn né tíkin með gilt augnvottorð. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hafa kærðu Y&Z því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. En eins og mál þetta liggur fyrir þykir ljóst vera að kærðu Y&Z breyttu rétt með því að láta sónarskoða tíkina strax og grunur reyndist um pörun í þeim tilgangi að koma í veg fyrir óæskilegt got. Því þykir siðanefnd ekki vera tilefni til að beita áminningu en telur bæði brotin vera ámælisverð.

IV. Niðurstaða.

Kærðu Y&Z teljast hafa gerst brotleg við grein 2.6 og grein 2.8 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

f.h. siðanefndar

Sign: *Guðríður Valgeirsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir*